

Þriðjudaginn 5. nóvember 1991.

Nr. 431/1990. **Baldvin Ari Guðlaugsson**

(Stefán Pálsson hrl.)

gegn

Bergi Jónssyni

(Árni Halldórsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. nóvember 1990. Málið er hér sérstaklega tekið til meðferðar um formhlið þess samkvæmt heimild í 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Áfrýjandi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, jafnframt, að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins.

Stefndi krefst þess, að kröfu áfrýjanda verði hafnað, en málskostnaður falli niður.

Héraðsdómari, sem taldi þörf sérkunnáttu í dómi, skipaði aðeins einn meðdómsmann til dómstarfa. Er það í andstöðu við 1. mgr. 37. A. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 9. gr. laga nr. 28/1981, sem mælir fyrir um tvo meðdómsmenn. Samkvæmt ákvæðinu er þó heimilt, að meðdómsmaður sé einn fram að munnlegum flutningi máls. Samkvæmt þessu verður ekki hjá því komist að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til munnlegs flutnings og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til munnlegs flutnings og dómsálagningar að nýju.

Dómur aukadómpings Suður-Múlasýslu 23. ágúst 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 31. maí sl., var höfðað með stefnu, birtri 9. október 1989.

Sóknaraðili er Baldvin Ari Guðlaugsson, kt. 311265-5559, Kleifargerði 3, Akureyri.

Varnaraðili er Bergur Jónsson, kt. 171060-5169, Ketilsstöðum, Valla-hreppi, Suður-Múlasýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til endurgreiðslu og vangildisbóta, að fjárhæð 534.833 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, af þeirri fjárhæð frá 22. september 1989 til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, næst 22. september 1990, allt í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987.

Jafnframt er krafist viðurkenningar á riftun á kaupum hestsins Örvars, er stefndi keypti af stefnanda 16. júlí 1989.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ og framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, ef svo færi, að dómari gerði stefnda að þola riftun á kaupunum, verði stefnda einungis gert að greiða hluta söluverðsins, þar sem hesturinn hefur orðið fyrir áföllum, meðan hann var í vörslu stefnanda, sem hafa getað skemmt hann til frambúðar sem gæðing í A-flokki.

Þá krefst stefndi málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ og framlögðum málskostnaðarreikningi.

Dóm þennan kvað upp Inger L. Jónsdóttir aðalfulltrúi ásamt meðdómsmanninum Hákoni Hanssyni héraðsdýralækni.

Dómsuppsaga hefur dregist nokkuð vegna anna dómara.

D ó m s o r ð:

Aðalstefndi, Bergur Jónsson, skal vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Baldvins Ara Guðlaugssonar.

Gagnstefndi, Baldvin Ari Guðlaugsson, greiði gagnstefnanda, Bergi Jónssyni, 39.073 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, frá 31. maí 1990 til greiðsludags og málskostnað í aðalsök og gagnsök, sem þykir hæfilega ákveðinn 261.456 kr.

Aðfararfrestur í báðum sökum er 15 dagar frá lögbirtingu dómsins að telja að viðlagðri aðför að lögum.